

Samstæðuspil/bingó með formum fyrir þau yngri

fyrir 2-4

Efni:

- Kartonpappír í A4 stærð
- Prentari
- Plöstunarárél og plast í hana
- Skæri

Aðferð:

- Prentið út spjöldin hér fyrir neðan á kartonpappír sem prentarinn þolir. Ég hef yfirleitt sett eitt karton í einu í prentarann til að pappírinn flækist ekki
- Bingóspjöldin eru plöstuð beint en lausu formin eru klippt, plöstuð og klippt aftur.

Spilið:

- Bingóspjöldin eru höfð auð til að þau séu ekki alltaf eins. Börnin draga úr helmingi bunkans form og raða þeim í auðu reitina á bingóspjaldinu sínu. Hinn helmingur lausu formanna er hjá bingóstjóranum sem dregur eitt í einu og segir t.d: „Rauður hringur“ og þá leita börnin að rauðum hring á sínu spjaldi og sá sem hefur hann leggur lausa formið ofan á sitt á spjaldinu. Sá vinnur sem fyrstur fyllir sitt spjald.
- Ef þetta er spilað sem samstæðuspil eru öll lausu formin notuð eða hluti eftir aldri og fjölda barna. Þá er lausu spjöldunum raðað, tveimur snúið við í einu og reynt að finna þar. Sá vinnur sem safnar flestum þörum.















